



# ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. [www.utivist.is](http://www.utivist.is)

Reykjavík 7. maí 2018

Nefndarsvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Efni: Frumvarp til laga um Ferðamálastofu, þingskjal 695 — 485. mál.  
Ítarefni við umsögn.**

Í framhaldi af fundi Ferðafélagsins Útivistar með Atvinnuveganefnd Alþingis er hér nánari greinargerð um þau atriði í frumvarpi um Ferðamálastofu sem gæti fallið illa að starfsemi ferðafélaga sem byggja á áhugamennsku og sjálfbærni.

*Varðandi 6. gr.*

Rétt er benda á í upphafi að ætla má að áhugamannafélög séu í eðli sínu undanþegin ákvæðum lagana. Það byggir á að í orðskýringum í 6 gr. er *seljandi* skilgreindur sem hver sá sem kemur fram í **atvinnuskyni** og gerir samninga við ferðamenn. Seljandi er grunnhugtak í lögnum og er vísað til þess víða, meðal annars í öðrum orðskýringum. Þó það sé okkar skilningur að starfsemi áhugafélaga sé ekki í atvinnuskyni, þá verðum við að taka mið af því að sérstaklega er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að undanþága ferðafélaga sé afnumin. Því teljum við ljóst að ef undanþágan sé ekki sérstaklega tekin fram í lögnum megi búast við að gerð verði krafa um að starfsemi félagana lúti sömu reglum og fyrirtæki sem skipuleggja ferðir í atvinnuskyni.

*Varðandi 8. gr.*

Hér eru skilgreind skilyrði leyfis til reksturs.

Liður d. kveður á um að í gildi sé öryggisáætlun og er vísað til 10. gr. þar um.

## *Varðandi 10. gr.*

Í þessari grein er fjallað um öryggisáætlanir. Þar segir:

Hver sá sem hyggst bjóða upp á eða selja skipulagðar ferðir innan íslensks yfirráðasvæðis ber ábyrgð á því að útbúa skriflega öryggisáætlun fyrir hverja tegund ferðar, óháð því hvort viðkomandi selur ferðina beint til ferðamanns eða með milligöngu annars aðila. Öryggisáætlun skal ávallt vera til skrifleg á íslensku og ensku.

Við vekjum sérstaklega athygli á orðalaginu „fyrir hverja tegund ferðar“. Þetta getur átt ágætlega við atvinnurekstur sem setur upp takmarkað magn ferða sem síðan eru endurteknar reglulega. Áhugamannafélög skipuleggja ferðir sínar með allt öðrum hætti. Ferðir eru ekki endilega settar upp út frá vinsældum ferðamannastaða heldur er áhersla á að fara víða um landið í ferðum sem ekki eru endurteknar eða aðeins settar upp á nokkurra ára fresti. Vissulega eru undantekningar á þessu, t.d. er Fimmvörðuhálgöngur fastur þáttur í starfseminni og þar metur félagið öryggisþætti reglulega eftir aðstæðum hverju sinni. Hins vegar eru fjölmargar ferðir kallaðar „einskiptis ferðir“.

Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu (Mat á áhrifum) kemur fram það sjónarmið að gerð öryggisáætlana hafi óverulegan kostnað í för með sér fyrir flesta ferðaþjónustuaðila. Af framansögðu má vera ljóst að þetta mun ekki vera raunin í okkar tilfalli. Þátttökugjald í ferðum félagsins miðast alfarið við beinan kostnað, svosem kostnað við rútu og skálagistingar þegar það á við, en hér myndi bætast við umtalsverður kostnaður við að fullnægja skilyrðum laganna.

## *Varðandi menntunarkröfur*

Í frumvarpinu er ekki fjallað beint um menntunarkröfur fararstjóra. Hins vegar kemur fram í greinargerð að öryggisreglur verði útfærðar nánar í reglugerð (*kafla 3.3. Krafa um öryggisáætlanir*). Þar segir að horft verði til leiðbeinandi öryggisreglna sem unnar voru í samráði við Samtök ferðaþjónustunnar. Því verður að gera ráð fyrir því að ef frumvarpið verður samþykkt í núverandi mynd verði ferðafélögum gert að gangast undir þær öryggisreglur. Við vekjum athygli á að ekki var haft samráð við Útivist við gerð þessara öryggisreglna, enda eru þær sniðnar að atvinnustarfsemi í greininni. Ferðafélagið Útivist hefur að ýmsu leiti tekið mið af þessum öryggisreglum og hafa þær gagnast við að skerpa á ýmsum öryggisþáttum í ferðum félagsins. Við bendum hins vegar í 8. gr. þar sem eru skilgreindar kröfur um menntun fararstjóra (leiðsögumanna). Til að fullnægja þeim kröfum þyrfti félagið að leggja í umtalsverðan kostnað eða hverfa alfarið frá áhugamennsku og ráða leiðsögumenn til starfa. Þar með væri grundvöllur félagsins sem áhugamannafélags í núverandi mynd brostin.

Við höfum hér bent á þá þætti í frumvarpinu sem hefðu afdrifaríkustu áhrifin á starfsemi Ferðafélagsins Útivistar. Því til viðbótar viljum við benda á mikilvægi þess að löggjafinn geri greinarmun á starfsemi áhugamannafélaga á þessu sviði annars vegar og

atvinnustarfsemi hins vegar. Allt frumvarpið er sniðið með atvinnustarfsemi í huga. Við leggjum mikið upp úr því að viðhalda sjálfbærliðastarfi, að félagsmenn Útivistar fái tækifæri til að stunda áhugamál sitt með margvíslegum hætti og þróa með sér aukna þekkingu og færni. Félagsmenn sem taka að sér fararstjórn fyrir félagið gera það fyrst og fremst til að fara í skemmtilegar ferðir í góðum hóp og um leið nýta reynslu sína og þroska sig í áhugamálinu. Þeir taka námskeið á vegum félagsins sem eru sérstaklega sniðin að okkar þörfum og okkar ferðamennsku. Á námskeiðum okkar er meðal annars farið í fyrstu hjálp, umhverfismál og náttúrutúlkun, rötun o.fl. Ef starfsemi sem þessari er gert að aðlaga sig að þeim ramma sem settur er um atvinnustarfsemi er veruleg hætta á að yfirbragð hennar breytist og þróttur félagsstarfseminnar kvoðni niður.

### *Lokaorð*

Að lokum má benda á að undanþága til ferðafélaga sem var í eldri lögum felur í sér að félögunum er treyst til að standa vel að sinni starfsemi hvað varðar öryggi þátttakenda í ferðum, enda byggja þau á áratuga reynslu og farsælu starfi. Þeirra hlutverk er ekki að þjónusta erlenda ferðamenn heldur fyrst og fremst að standa fyrir áhugaverðri starfsemi fyrir félagsmenn sína. Það hlutverk vilja félögin rækta öðru fremur. Þess vegna leggjum við áherslu á að starfsemi þeirra sé ekki skilgreind sem atvinnustarfsemi heldur fái þau áfram að dafna og þróast sem áhugamannafélög um útivist og náttúruskoðun.

Virðingarfyllst,



Skúli H. Skúlason  
Framkvæmdastjóri Útivistar